

Laugavegur 73 nýbygging Málskot til Umhverfis- og skipulagsráðs

8. maí 2024

Kærð ákvörðun

Niðurstaða skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2024 vegna Laugavegs 73.

Kröfur kæranda

Að fallist verði á beiðni kæranda um breytingu á deiliskipulagi þannig að fjölga megi íbúðum á lóðinni um tvær, úr tíu íbúðum í tólf íbúðir. Breytingin hefur ekki áhrif á hæð eða umfang byggingarinnar.

Málsatriði og málsatvik

Í gildi er deiliskipulag af staðgreinireit 1.174.0 sem afmarkast af Vitastíg, Hverfisgötu, Barónsstíg og Laugavegi, samþykkt í Borgarráði 28.1.2016 ásamt áorðnum breytingum. Heimilt er að byggja nýbyggingu á Laugavegi 73 fyrir verslun eða þjónustu og einnig er heimild fyrir íbúðum og þjónustu á efri hæðum. Heimild er fyrir 10 íbúðum samkvæmt skilmálabreytingu fyrir lóðina sem samþykkt var 26.6.2019.

Byggingaráform voru samþykkt 10.12.2019 og gera ráð fyrir 5 hæða byggingu ásamt kjallara. Verslunarrými er á jarðhæð með tvöfaldri lofthæð að hluta og 10 íbúðum á efri hæðum. Efsta hæð er inndregin eins og deiliskipulag kveður á um. Ekki hefur verið hafist handa við uppbyggingu þar sem óhagkvæmt er talið að byggja svo fáar íbúðaeiningar innan samþykkt ramma, enda hafa forsendur á íbúðamarkaði breyst síðan 2019. Fyrir vikið er enn rof í götummynd Laugavegs, þrátt fyrir knýjandi þörf á nýjum íbúðum í borginni.

PK arkitektar lögðu fram breytingartillögu í formi fyrirspurnar þann 9. febrúar 2024. Hún felur í sér að breyta tveimur fjögurra herbergja íbúðum í fjórar tveggja herbergja.

Breytingartillaga:

- 1 herb. = 1 íbúð
- 2 herb. = 9 íbúðir
- 3 herb. = 2 íbúðir


Byggingaráform samþykkt 10.12.2019:

- 1 herb. = 1 íbúð
- 2 herb. = 5 íbúðir
- 3 herb. = 2 íbúðir
- 4 herb. = 2 íbúðir


Skipulagsfulltrúi brást neikvætt við erindinu með þeim rökum að óvíst væri um birtugæði fyrirhugaðra norðuríbúða, og að ekki yrði fallist á að raska þeirri fjölbreytni í íbúðarstærðum sem samþykktir uppdrættir gerðu ráð fyrir.

Laugavegur 73 nýbygging
Málskot til Umhverfis- og skipulagsráðs frh.

8. maí 2024



Byggingaráform samþ. 10.12.2019
3. hæð 3 íbúðir



Breytingartillaga
3. hæð 4 íbúðir (sama breyting á 4. hæð)

Röksemdir kæranda

Það er mat kæranda að röksemdir fyrir niðurstöðu skipulagsfulltrúa séu í ósamræmi við málsatriði, breyttar forsendur á húsnæðismarkaði, og þau sjónarmið sem lögð er áhersla á í húsnæðisáætlunum borgar og ríkis.

Birtuskilyrði

Fyrirhugaðir gluggar til norðurs mega teljast í yfirstærð, en ljósop þeirra er um 13m² og alrýmin sem þeir þjóna um 31m². Þá er lofthæð íbúðanna 2.7m og dýpt þeirra í heild einungis um 8m. Birtuskilyrði eru því vel umfram kröfur byggingarreglugerðar, sem kveða á um að ljósop glugga hvers íbúðarherbergis skuli svara til $\geq 1:10$ af gólfleti þess. Auk þessa gera samþykktir uppdættir nú þegar ráð fyrir fjórum sambærilegum norðuríbúðum með sömu afstöðu til sólar og umhverfis.

Fjölbreyni íbúða

Gildandi deiliskipulag fyrir reitinn leggur áherslu á að „uppfylla markmið Aðalskipulags Reykjavíkur (AR2010-30) um þéttingu byggðar á miðsvæðum (og) fjölbreyttar íbúðagerðir með áherslu á minni íbúðaeiningar (...)“. Deiliskipulagið gerir hins vegar ekki tiltekna kröfur um hvernig samsetningu íbúða skuli háttáð á reitnum. Það er mat kæranda að fjölbreyni íbúða beri að skoða með tilliti til reitsins í heild, og smæðar Laugavegs 73 í því heildarsamhengi. Breytingartillagan gerir ráð fyrir þremur íbúðagerðum á bilinu 1-3 herbergja. Í nýbyggðum fjölþýlishúsum við Hverfisgötu 92, 94-96 og Barónsstíg 6 eru samtals 62 íbúðir, 2-5 herbergja. Auk þess má finna mýmörg dæmi um það við útfærslu deiliskipulags miðsvæðis að ekki hefur verið gerð krafa um 4 herbergja íbúðir. Þar má nefna Brautarholt 18-20 þar sem byggðar hafa verið 64 íbúðir án þess að nokkur þeirra sé 4 herbergja.

Laugavegur 73 nýbygging
Málskot til Umhverfis- og skipulagsráðs frh.

8. maí 2024

Húsnæðisáætlun Reykjavíkur frá nóvember 2022 gerir það að meginmarkmiði sínu að auka framboð smærri íbúða á næstu árum. Orðrétt segir í inngangsorðum í kafla 2.1, á bls. 8 að stefnt skuli að því að: „húsnæðisframboð verði í samræmi við þarfir hverju sinni og **aukið (við) framboð smærri íbúða**“. Í Húsnæðisáætlun HMS fyrir Reykjavík 2024 segir ennfremur á bls. 3: „Vegna þess húsnæðisátaks sem hefur verið boðað, ekki síst til næstu 5 ára, er gefin sú forsenda að **meðalfjöldi íbúa á íbúð lækki hraðar en áður var ráð fyrir gert**“.

Eins og fram hefur komið í allri umræðu um húsnæðismál er uppsöfnuð húsnæðisþörf veruleg. Íbúðir í byggingu eru langt undir markmiðum rammasamnings milli ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032. Forstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sagði í viðtali á mbl.is 17.11.2023: „Við byggjum of lítið. Við hjá HMS höfum sagt að það þurfi að byggja 4.000 íbúðir árlega næstu fimm árin að minnsta kosti (...) Við erum hins vegar ekki að byggja nema tæplega 3.000 íbúðir árlega 2022 til 2025 en hefðum viljað vera farin að nálgast 4.000 íbúðir á ári.“ Ofan á þetta hefur bæst þörf vegna fólksflutninga frá Grindavík. Ljóst má því vera að forsendur á markaði eru verulega breyttar frá því aðaluppdrættir voru samþykktar árið 2019.

Ósk kæranda er sú að Umhverfis- og skipulagsráð fallist á framangreindar röksemdir og heimili fjölgun íbúða á reitnum um tvær, úr 10 í 12, án þess að byggingarmagn sé aukið. Með því verða byggðar fleiri íbúðir á reitnum í samræmi við þarfir markaðarins og af sömu gæðum og áður samþykktar íbúðir sömu gerðar.

Fylgigögn

Uppfærðir aðaluppdrættir skv. breytingartillögu


Yfirlit yfir breytingar á samþykktum aðaluppdráttum

Samþykkt deiliskipulag 28.1.2016 ásamt áorðnum breytingum samþ. 26.6.2019

Virðingarfyllst

fh. lóðarhafa

pálmar kristmunds arkitekt



- LR** Loftreising
GN Gólfniðurfall
PNF Pakniðurfall
RL Reyklosun
EV Eldhúsvaskur
HL Handlaug
RV Ræstivaskur
SV Skolvaskur
P Bilastæði hreyfih.
PV Þvottavél
RO Inngangur
RAfm Rafm. opnun
- Brunatexti:**
R Berandi
E Örennandi
I Einangrun
C Sjálflokandi
S Reykþétt
90 Tími í min.
HSL Handsökkvitæki
BO Björgunarop
ÚT Útgangur
BS Brunaslanga
UY Útlöftun yfirþrýstings
- Kóti:**
GK Gólfkóti
G Gangstétt
PK Pakkóti
K Kóti
- Frágengið gólf**
Kóti frágengið gólf
Löðamörk
Byggingarreitir
- Reykskynjari**
Stigleiðsla
Tviburatengi
Stjórnstöð brunaviðvörnarkerfis
Berandi
Létt
Gat í gólf

	D
	C
	B
	A





BREYTING: ABM. DAGS: BR.

LAUGAVEGUR 73
Grunnmynd Kjallari

VERKNR.: 1724
 DAGS: 30.08.2019
 TRKV.: 1:100 (A2)

VERKHLUTI:
ADALUPPDRATTUR

PKdM
 Brautarholt 4, Reykjavík 105, Ísland
 Sími: 551 8050 Fax: 551 8077
 Net: pkm@pkm.is www.pkm.is
 Pálmar Kristmundsson, kennitala: [REDACTED]
 Fernando de Mendonça, kennitala: [REDACTED]



- LR** Loftreising
GN Gólfniðurfall
PNF Pakniðurfall
RL Reyklosun
EV Eldhúsvaskur
HL Handlaug
RV Ræstivaskur
SV Skolvaskur
P Blástæði hreyfih.
PV Þvottavél
RO Inngangur
RAfm Rafm. opnun
- Brunatexti:**
R Berandi
E Örennandi
I Einangrun
C Sjálflokandi
S Reykþétt
90 Tími í min.
HSL Handsökkvitæki
BO Björgunarop
ÚT Útgangur
BS Brunaslanga
UY Útlöftun yfirþrýstings

- Kóti:**
GK Gólfkóti
G Gangstétt
PK Pakkóti
K Kóti
- Frágengið gólf**
Kóti frágengið gólf
Löðamörk
Byggingarreitir
- Reykrynjari**
Stigleiðsla
Tviburatengi
Stjórnstöð brunavindvörnarkerfis
Berandi
Létt
Gat í gólf

	D
	C
	B
	A

BREYTING: ABM. DAGS: BR.


LAUGAVEGUR 73
Grunnmynd 2. hæð og 3. hæð

VERK NR.: 1724
 DAGS: 30.08.2019
 MRV.: 1:100 (A2)

PKdM
 Brautarholt 4, Reykjavík 105, Ísland
 Sími: 551 8050 Fax: 551 8077
 Net: pkdm@pkdm.is www.pkdm.is
 Pálmar Kristmundsson, kennitala: [REDACTED]
 Fernando de Mendonça, kennitala: [REDACTED]

Frágangur á skemmtikum verð gerður í samráði við löðarmata aðliggjandi lóða.

Askilin lokaútteikt byggingarfulltrúa Askilð sambýki Vinnuflutnings ríkisins



Í samráði við sambýki umhverfis- og skipulagarsáðs dags. 9. október 2013, skil veiktúen þvottabúnaður vera til staðar á byggingaríóð sem tryggir að véruþilar og aðrar þungavinnuvarir verð þóttar áður en þær yfirfærð byggingaríóð. Samráð skil haft við byggingarfulltrúa.

Með vísan til sambýkis umhverfis- og skipulagarsáðs dags. 22. maí 2013, skil löðarmata í samráði við byggingarfulltrúa séða upp skil til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmum á byggingaríóð.

Sérstakt samráð skil haft við yfirvörðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnufrámkvæmda.

Geymslum fjölgað úr 10 í 13

- | | | | | |
|-----|------------------|----------|----------------------|--------|
| LR | Lofvæsing | BRUNASTU | H | Beinir |
| GN | Óskilþúttal | E | Óværand | |
| BNF | Ískilþúttal | L | Skilangun | |
| RL | Reyklausun | C | Skilværand | |
| EV | Eðrnæskur | S | Reykþútt | |
| HL | Harðslag | DD | Tími í mál | |
| RV | Rasvæsur | HSL | Harðvæsurvæsur | |
| DV | Skilvæsur | BC | Þýgnarop | |
| P | Blasastítt heyrn | UT | Útgangur | |
| EV | Þvottavél | BS | Þvottavæsur | |
| RC | Hringangur | LY | Úttúttun yfirþýttung | |
| | flættu opna | | | |

- | | | | |
|------|----------|----|------------|
| KÉLL | | SE | Reykkyngun |
| GK | Góðum | | |
| G | Ganggátt | | |
| SK | Þráttvél | | |
| K | Kóð | | |

- | | | | |
|---|--------------------|---|----------------------|
| ☛ | Frágangur gótt | ☛ | Reykkyngun |
| ☛ | Kóð frágangur gótt | ☛ | Stúgólía |
| ☛ | ☛ | ☛ | Túttunungi |
| ☛ | ☛ | ☛ | Stúttvæsurvæsurvæsur |

- | | | | |
|---|---|---|------------|
| ☛ | ☛ | ☛ | Bevand |
| ☛ | ☛ | ☛ | Lét |
| ☛ | ☛ | ☛ | Gat í gótt |

BRÉTTAÐ:	ABA	DAGS:	DA
----------	-----	-------	----

MANNVITTH
LAUGAVEGUR 73

LAUGAVEGUR 73
Grunnmynd Kjalari

VERKFRÓM: 1724
TÍÐAR: 28.10.2019
MÉT: 1.100.1A2

ADALUPPDRAUTT
PKdM
Brúttarhótt 4, Reykjavík 105. Ístann
Sími: 551 8050 Fax: 551 8077
Net: skilvæsur@pkdm.is www.pkdm.is
Pálmarr Kristjánsson, kennitala
Fernando de Mendonça, kennitala

PÁLMARR KRISTJÁNSSON ARKITEKT
M.A. 0202001

MÁL NÚM. 56638



Í samráði við samþykkt umhverfis- og skipulagaráðs dags. 9. október 2013, skal veltulegur svæðabundur vers til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrir þjónvinnuveilar verði þrjár áður en þær virlæfa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykkt umhverfis- og skipulagaráðs dags. 22. maí 2013, skal lóðarhaft í samráði við byggingarfulltrúa eflja upp skilið til kynningar á fyrrihuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnuframkvæmda.

Samþykkt af byggingarfulltrúa með skýringu



10. DES. 2019

Áskildur Fulltrúi
byggingarfulltrúi

Frágangur á «Memóríum verði gerður í samráði við lóðarhata eðligrandi lóða.

Áskilin lokaóttekt byggingarfulltrúa


Áskild samþykkt Vinnuveirlis ríkisins



Grunnmynd 2. hæð

Íbúð skipt í tvær íbúðir
Grunnmynd 3. hæð

- | | | | |
|-----|--------------|------------|---------------------|
| LR | Lofthæing | Brunatekt: | |
| GN | Gönguþurfa | R | Berandi |
| PNF | Þakur | E | Örnsmíð |
| RE | Reykislaus | I | Einkangangur |
| EV | Eldhefuvælar | C | Sjálfværandi |
| HL | Handaug | S | Reykþétt |
| RV | Reisuvælar | 90 | Tími í mas |
| SV | Sveivuvælar | HSL | Handsókkvælar |
| P | Þvottavél | BO | Þjónungur |
| IR | Íngangur | UT | Útgangur |
| RO | Rafmagns | BS | Brunastanga |
| | | UY | Útöfnun yfirþrýsing |
-
- | | | | |
|-------|----------|----|--------------|
| Kóti: | | ES | Reykkyrtel |
| GK | Gólfhóla | | Stigleiðsla |
| G | Ganggátt | | Tvöburatangi |
| PK | Þaklóg | | |
| K | Kóla | | |
-
- | | | | |
|-------|---------------------|---|-------------------------------|
| ↔ | Frágangur gólf | ⬇ | Sjómáttóð brunavörnunarkerfis |
| ↔ | kóla frágangur gólf | ■ | Berandi |
| ○ | Lóðamörk | □ | Létt |
| - - - | Byggingarleiðir | ⊗ | Gat í gólf |



MANNVITIL
LAUGAVEGUR 73

LAUGAVEGUR 73
Grunnmynd 2. hæð og 3. hæð

VERKFR. ÚTÍ: ADALUPPDRÁTTUR

PKdM
Brautarhölt 4, Reykjavík 105, Ísland
Sími: 551 8050 Fax: 551 8077
Net: skemmiljodinn.is www.pkdm.is
Pállmar Kristmundsson, kennitala: [REDACTED]
Fernando de Mendonça, kennitala: [REDACTED]

PÁLMAR KRISTMUNDSSON ANKERTÖÐ
KJ 040485-0200

MÁL.NR. 56638

Í samráði við samþykkt umhverfis- og atvinnugæðis dags. 9. október 2013, skal veðnráðgjafi þessi tryggja að vörubúar og aðrar þingvinnuvélar verði þröfnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykkis umhverfis- og atvinnugæðis dags. 22. maí 2013, skal láðarhaft í samráði við byggingarfulltrúa selja upp skoti til kynningar á fyrirhugubum framkvæmdum á byggingarstað.

Sérstaki samráð skal haft við yfirvörðgjafing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnuframkvæmda.


Samþykki af byggingarfulltrúa með skýringu
10. DES. 2013
Alvar Aronsson
byggingarfulltrúi

Frágangur á vinnuáttum verði gerður í samráði við löðamata aðlöggjafi 102a.

Áskiln löðuáttakt byggingarfulltrúa. Áskiln samþykki Vinnuafrits ríkisins


HYRRISGATA 92

HYRRISGATA 92



Íbúð skipt í tvær íbúðir

Grunnmynd 4. hæð



Grunnmynd 5. hæð

LR	Luftrásing	Brunastæði:	R	Beandi
GM	Gólfuráttal	E	Öreandi	
PNF	Þæmduftal	I	Einangur	
PL	Reyklocun	C	Sjálfráandi	
EV	Stöðvættur	S	Þryggtá	
HL	Handveg	90	Tími í m.	
RV	Rættfraskur	HSL	Handskóttaketi	
SV	Skovetur	BO	Þýrgunarpur	
P	Þvottavél	LI	Lögungur	
RO	Ráttfraskur	BS	Brunastæpa	
		LV	Litluftun yfirþýsinga	

KÖH	Gætt	□	Reykvangur
GK	Gangveg	○	Stigleiða
PK	Þæmduft	○	Tvöfurstangi
K	Köf	■	Stjórnað brunavörðunarkerfi
		■	Blænd
		□	Lét
		□	Gæf gólf

Frágangur gól, Köf frágangur gól, Lötamörk, Byggingarmet

MANNVIT
LAUGAVEGUR 73
Grunnmynd 4. hæð og 5. hæð

_____	D
_____	C
_____	B
_____	A
BREYTING: _____	DAÐ: _____

LAUGAVEGUR 73
Grunnmynd 4. hæð og 5. hæð

VERKFR.: _____
DRAÐ.: 28.10.2013
ADALUPPDRATTUR: SKV.: 1101.142

PKdM
Braudarhóli 4, Reykjavík 105, Ísland
Sími: 661 8060 Fax: 561 8077
Net: pkdm@pkdm.is www.pkdm.is
Pálmar Kristmundsson, kennitala _____
Fernando de Mendonça, kennitala _____

PÁLMAR KRISTMUNDSSON ARCHITECT
K.O. HÖFUR

Takning: _____
Breyting: _____
1.04

MÁL NR. 5663B




Reykjavík, 14. mars 2024

Varðar: Laugavegu 73 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. febrúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Fjallasólar ehf., dags. 9. febrúar 2024, ásamt greinargerð PK arkitekta, dags. 9. febrúar 2024, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, vegna lóðarinnar nr. 73 við Laugaveg sem felst í fjölgun íbúða um tvær, úr tíu íbúðum í tólf íbúðir, samkvæmt uppdr. PKdM, dags. 30. ágúst 2019, br. 8. febrúar 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Breyting á deiliskipulagi, samþykkt 26. júní 2019



Götumynd

Skipulag í gildi


Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Laugavegur 73 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðborgarsvæði M1a.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 11. apríl 2023 með síðari breytingum.


Umsögn

Lóð nr. 73 við Laugaveg er verslunar- og þjónustulóð. Þar er fyrirhugað að byggja 10 íbúða hús á 5 hæðum með verslunarrými á 1. hæð. Samþykktar teikningar af liggja fyrir en framkvæmdum er ekki lokið. Óskað er álits skipulagsfulltrúa á breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, vegna lóðarinnar nr. 73 við Laugaveg sem felst í fjölgun íbúða um tvær, úr tíu íbúðum í tólf íbúðir, samkvæmt uppdr. PKdM. Vísað er í áherslur samþykks deiliskipulags frá 2016 um að uppfylla markmið Aðalskipulags Reykjavíkur um áherslu á minni íbúðareiningar við þéttingu byggðar á miðsvæðum.

Við breytinguna verður tveim fjögurra herbergja íbúðum breytt í fjórar tveggja herbergja skv. uppdráttum:



Byggingaráform samp. 10.12.2019
3. hæð 3 íbúðir



Breytingartillaga
3. hæð 4 íbúðir (sama breyting á 4. hæð)

Við þetta mun hlutfall íbúðargerða raskars frá því sem nú er gert ráð fyrir. Hlutfall tveggja herbergja íbúða verður 75% íbúða í stað 50% áður en hlutfall fjögurra herbergja fer í 0 en var áður 20%.

Íbúðagerðir

Breytingartillaga sem nú er sótt um gerir ráð fyrir 12 íbúðum:

1 herb. = 1 íbúð

2 herb. = 9 íbúðir

3 herb. = 2 íbúðir

Er það gert í samræmi við breyttar forsendur á húsnæðismarkaði síðan 2019, og áherslu samþykkt deiliskipulags 28.1.2016 um að uppfylla markmið Aðalskipulags Reykjavíkur um áherslu á minni íbúðareiningar við þéttingu byggðar á miðsvæðum.

Byggingaráform samþykkt 10.12.2019 gerðu ráð fyrir 10 íbúðum:

1 herb. = 1 íbúð

2 herb. = 5 íbúðir

3 herb. = 2 íbúðir

4 herb. = 2 íbúðir

Aðalskipulagi gerir ekki einungis ráð fyrir minni íbúðum á þéttingarreitum, það gerir einnig ráð fyrir að íbúðir séu af fjölbreyttum stærðum og gerðum á uppbyggingarreitum. Ekki eru gerðar athugasemdir við að byggja minni íbúðir þegar það á við. Hins vegar er í þessu tilfelli óvíst um birtugæði fyrirhugaðra norðuríbúða. Þegar ein íbúð nær í gegnum bygginguna, eins og nú er gert ráð fyrir, eru það aðeins svefnherbergin sem fá takmarkaða norðurbirtu, en samverurýmið, stofa og eldhús, nýtur suðursólar. Ef íbúðunum er skipt njóta norðuríbúðir afar takmarkaðrar birtu þar sem mjög stór bygging stendur austan megin við bygginguna og önnur stór norðan megin. Ekki er fallist á að rýra gæði fyrirhugaðra íbúða með svo afgerandi hætti. Ekki er heldur fallist á að raska þeirri fjölbreytni í íbúðarstærðum sem nú er gert ráð fyrir. Því er tekið neikvætt í erindið.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri